

5. október 2005

VEITINGAHÚSAREKSTUR OG SKRIFRÆÐI

Veitingamenn kvarta sáran yfir vaxandi skrifræði og hægagangi í borgarkerfinu og á meðal sveitastjórna. Eftirlit með þeim sem stunda veitingarekstur er þvílíkt að mörgum þykir nóg um. Viðskiptaráð hefur frá öndverðu lagt áherslu á að einfalda og stytta boðleiðir í stjórnsýslunni og telur nauðsynlegt að taka til gagngerrar endurskoðunar kerfi leyfisveitinga í veitingarekstri – enda hafi það fyrir löngu gengið sér til húðar. Viðskiptaráð skoðar málið.

Að undanfögnu hafa margir veitingamenn haft samband við Viðskiptaráð vegna mikillar skrifinnsku í borgarkerfinu og hjá sveitarfélögum. Dæmi eru um að veitingamenn sem hafa verið í samfelldum rekstri í tugi ára hafi sætt afarkostum frá eftirlitsaðilum sem hafa hótad að loka á rekstur veitingastaða þeirra vegna smávægilegra tæknilegra formgalla og vegna breyttra reglugerða sem kalli jafnvel á viðamiklar breytingar á húsnæði og skipulagningu veitingastaða.

Hér er ekki um einangrað tilvik að ræða. Undir þetta taka Þorvaldur Skúlason veitingamaður á B5 í Bankastræti og Eiríkur Ingi Friðgeirsson hóteltjóri á Hótel holti, sem eiga það sammerkt að hafa stundað veitingarekstur um áratugaskeið. Þeir eru sammála um að eftirlitsmenn borgarinnar gangi allt of hart fram og krefjist á tíðum úrbóta sem ekki er hægt að verða við innan þeirra tímamarka sem þeim eru sett. Að sama skapi kvarta veitingamenn sáran yfir ógagnsæju eftirlitskerfi og að mismunandi kröfur komi jafnvel frá einum og sama eftirlitsaðila.

Viðskiptaráð hefur um árabil áréttad að Ísland eigi að nýta möguleika mikillar nálægðar í litlu samfélagi til að draga úr skrifræði og auka skilvirkni opinberra stofnana. Á undanfögnu árum hefur mikið áunnist, t.d. með rafrænum skilum á skattskýrslum og tími er til kominn að eftirlitsaðilar sæti lagi og dragi úr óþarfa skrifinnsku sem leggur lamandi hönd á atvinnulífið. Slíkt hefur skilað miklum árangri víða: í New York geta aðilar sem huga að veitingarekstri t.a.m. sótt um lunga allra leyfa í gegnum eina og sömu vefsíðuna á meðan íslenskir aðilar þurfa að ganga á milli mismunandi stofnana í sama tilgangi.

Það vakti umtalsverða athygli á Viðskiptaþingi 2005 þegar Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, rakti þá raunarsögu sem spannst í kringum umsókn hennar um veitingaleyfi fyrir kaffihús Kaffitárs. Í erindi sínu taldi Aðalheiður upp allan þann fjölda vottorða, skjala og undirskrifa sem hún þurfti að afla til þess eins að fá að bera fram kaffibolla á kaffihúsum sínum. Mörgum þótti nóg um en til þess að fá veitingaleyfi þurfti hún að verða sér út um hvorki meira né minna en rétt um 35 mismunandi skjöl og umsagnir frá eftirlitsaðilum.

EFTIRLITSFRUMSKÓGUR

Til að hefja rekstur veitingahúsa þarf að verða sér út um starfsleyfi frá lögreglustjóra. Eftir að starfsleyfið er komið í hús þarf veitingaleyfi frá sveitarstjórn. Til að fá veitingaleyfið í hendur þarf að skila inn eftirtöldum gögnum:

- Vottorði frá fyrirtækjaskrá fyrir alla stjórn fyrirtækisins og framkvæmdastjóra
- vottorði frá lífeyrissjóðum um skuldastöðu
- vottorði um búforræði frá Héraðsdómi
- teikningum frá byggingafulltrúa



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

- staðfestingu á virðisaukaskattsnúmeri frá Ríkisskattstjóra
- vottorði um skuldastöðu frá tollstjóra
- starfsábyrgðartryggingu

Að auki þarf að skila inn sakavottorði frá lögreglustjóra fyrir alla stjórnarmenn og framkvæmdastjóra fyrirtækisins auk þess sem leggja þarf fram búsetuvottorð frá Hagstofu fyrir alla ofangreinda aðila. Ef gert er ráð fyrir að auk framkvæmdastjóra sitji fjórir aðilar í stjórn þá þarf að skila inn hvorki meira né minna en 35 mismunandi skjölum til þess eins að fá leyfi fyrir rekstri veitingasölu.

Kjósi veitingamenn að bjóða til sölu tóbak á veitingastöðum sínum hefst enn eitt eftirlitsferlið enda þurfa þeir þá að fá samþykki heilbrigðisnefndar sveitarfélaga og er leyfið einungis veitt til fjögurra ára í senn.

Ef bera á fram áfenga drykki á veitingastað þarf að afla tilskilinna leyfa eins og reglur kveða á um. Áður en til útgáfu vínveitingaleyfis kemur þurfa veitingamenn að leggja inn tryggingu hjá tollstjóra sem getur numið frá hálfri milljón upp í þrjár milljónir króna. Áður en sveitarfélög gefa út vínveitingaleyfi leita fulltrúar þeirra eftir staðfestingu og álits frá fimm mismunandi aðilum:

- Viðkomandi lögreglustjóra
- Byggingarnefnd
- Skipulagsnefnd
- Eldvarnareftirliti (önnur vettvangsskoðun þeirra)
- Heilbrigðisnefnd sveitarfélags (önnur vettvangsskoðun þeirra)

Að auki þarf að afla sérstaks skemmtanaleyfis ef veitingarekstur á sér einstaka sinnum stað eftir klukkan 23.30 að kvöldlagi.

Viðskiptaráð bendir á að það sé ekkert við það að athuga að sveitastjórnir gangi úr skugga um að allt sé með felldu í rekstri veitingahúsa – en áréttar hins vegar að einhvers staðar verði að draga markalínu í skrifræðinu.

JAFNRÆÐI OG MEÐALHÓF

Nú má ljóst vera þau skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að stunda veitingahúsarekstur eru miklu mun fleiri og meira íþyngjandi heldur en gengur og gerist, t.d. í samanburði við aðra verslun eða þjónustu almennt. Skilyrði um starfsábyrgðartryggingu er þó ekki óþekkt fyrirbæri í hinum leyfisskylda heimi. Þannig þurfa solumenn notaðra bifreiða og fasteignasalar, svo dæmi séu tekin, að leggja fram tryggingu fyrir hugsanlegum kröfum á hendur rekstrinum en þar liggja að baki afar sérstök sjónarmið. Sá rekstur er hins vegar með öllu ólíkur veitingahúsarekstri að því leyti að veitingamenn starfa ekki sem fjárvörsluaðilar viðskiptavina sinna eins og bílasalar og fasteignasalar gera. Það er því ekki vegna jafnræðissjónarmiða sem sömu ströngu reglur er láttnar ná yfir þessar ólíku greinar atvinnulífsins. Þvert á móti er gengið gegn almennum jafnræðisreglum með því að setja veitingahúsarekstur undir þetta mikla eftirlit.

Í því sambandi er í hæsta máta óeðlilegt að staða forsvarsmanna gagnvart skattfyrivöldum skuli vera sérstaklega til skoðunar við leyfisveitingu. Aðrar sambærilegar verslunar- og þjónustugreinar þurfa ekki að sæta slíkri naflaskoðun.

Því má halda því fram að meðalhófs sé ekki gætt því vissulega eru aðrar vægari leiðir færar til þess að t.d. sporna gegn skattsvikum í greininni, ef það er það sem vakir fyrir löggjafanum.

TILLÖGUR VIÐSKIPTARÁÐS

Viðskiptaráð telur eðlilegt að dregið verði úr skrifræði um leyfisveitingar í veitingarekstri. Að sama skapi áréttar Viðskiptaráð mikilvægi þess að eftirlit verði gert gagnsærra og að samfara einföldun kerfisins verði ráðist í að tryggja að það verði samræmt betur en nú er gert. Þannig verður að tryggja að mismunandi aðilar frá sömu stofnun geri sömu kröfur til veitingamanna og eftirlitsaðilar grípi til vægasta úrræðis hverju sinni til að ná fram



markmiðum sínum, enda geti misræmi milli athugasemda matsmanna ekki talist eðlilegt og það brýtur klárlega í bága við góða stjórnslu.

Tillögur Viðskiptaráðs til úrbóta miða að því að aðilar sem hyggja á rekstur veitinga- og vínveitingastaða geti sótt um öll leyfi á einum stað, t.a.m. í gegnum vefsetur hlutaðeigandi aðila. Að sama skapi leggur ráðið áherslu á að athugasemdir eftirlitsaðila berist rekstraraðilum skriflega og að þeim verði veittur rúmur tími til úrbóta.

Nánari upplýsingar veita *Pór Sigfússon* framkvæmdastjóri, *Sigríður Á. Andersen* lögfræðingur og *Halldór Benjamín Þorbergsson* hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands í síma 510 7100.

